



Hvalfjarðarsveit, 2. janúar 2020.

Til sveitarstjórna á Vesturlandi.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands óskar starfsmönnum sveitarfélaganna og fjölskyldum þeirra gleðilegs nýs árs og þakkar góð samskipti á liðnu ári.

1. Í framhaldi af bréfi sem sent var í byrjun nóvember s.l. ásamt fjárhagsáætlun 2020 er komið að fyrsta greiðsluframlagi til HeV (sjá meðfylgjandi excel-skjal). Engar athugasemdir bárust frá sveitarfélögum um fjárhagsáætlunina. Á meðfylgjandi blaði er skilgreind sú upphæð sem kemur til greiðslu frá hverju sveitarfélagi. Við greiðsluframlagið, sem er þrískipt, er miðað við íbúafjölda eins og hann lá fyrir 1. janúar 2019 frá Hagstofunni við tvö fyrstu framlögin. Vegna 3. greiðslu verður miðað við mannfjölda Hagstofunnar um þessi áramót og verður greiðslan þá jöfnuð út miðað við íbúafjöldann þá (sjá meðfylgjandi fylgiskjal).
2. HeV bendir á að fjöldi fastráðinna starfsmanna er nú þrír sem er fyrsta fjölgun frá stofnun 1999. Árni Gunnarsson sem gegnt hefur tímabundnu starfi frá 1. júlí s.l. hefur verið fastráðinn frá áramótum.
3. Nokkur óvissa ríkir vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar eru boðaðar breytingar m.a. vegna skráninga fyrirtækja í stað starfsleyfis. Þá eru boðaðar umdeildar breytingar sem valda því að fyrirtæki þurfi hvorki að skrá sig né sæta almennu eftirliti.
4. Bendum á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins [www.hev.is](http://www.hev.is) þar sem finna má fundargerðir og fleira.

Væntum góðra samskipta við starfsfólk sveitarfélaganna á nýju ári.

Með kveðju,

Helgi

**Fylgiskjal:**

Framlag sveitarfélaga til HeV 2020.